



Til skipulags- og umhverfisráðs.

Kópavogi, 29. apríl 2026
26041603/005.05 GEF

Efni: Svar við fyrirspurn Hákonar Gunnarssonar, dags. 14. apríl 2026.

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs var fyrirspurn Hákonar Gunnarssonar, fulltrúa í skipulags- og umhverfisráði, vísað til umsagnar sviðsstjóra umhverfissviðs. Óskað er eftir svörum við sjö spurningum. Spurningar og svör eru eftirfarandi:

- 1 Var eftirlit byggingarfulltrúa fullnægjandi varðandi öryggismál á niðurrifinu í ljósi þess sem gerðist?
Svar: Eftirlit byggingarfulltrúa með framkvæmdinni er í samræmi við lög. Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 fylgist vinnueftirlitið með að atvinnurekendur/framkvæmdaraðili uppfylli skyldur sínar í samræmi við þau lög. Er vinnueftirlitinu heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir og beita þvingunaraðgerðum ef atvinnurekandi/framkvæmdaraðili sinnir ekki skyldum sínum, sbr. 82.-87. gr laganna.
- 2 Er Kópavogsbær kunnugt um hvor rannsókn sé í gangi vegna þessa máls og þá líka hver það er sem ber ábyrgð á henni?
Svar: Vinnueftirlitið er með málið til skoðunar. Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er skýrt að atvinnurekandi/framkvæmdaraðili ber ábyrgð á því að tryggja fyllsta öryggi og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, sbr. 13. gr. laganna. Í sömu lögum er kveðið á um að atvinnurekanda/framkvæmdaraðila skuli haga framkvæmdum þannig að fyllsta öryggis sé gætt, sbr. 37. gr. laganna og hann berði ábyrgð á að skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað liggi fyrir, sbr. 65. gr. og 65. gr. a sömu laga. Í mannvirkjalögum nr. 160/2010 er jafnframt skýrt kveðið á um að eigandi mannvirkis beri ábyrgð á því að hönnun, bygging og rekstur mannvirkis fari eftir kröfum gildandi laga og reglna, sbr. 15. gr. laganna. Það er því skýrt að ábyrgð á framkvæmdinni er í höndum framkvæmdaraðila/eiganda.
- 3 Hvaða lögbundnu þvingunum og úrræðum hyggst Kópavogsbær beita í þessu máli?
Svar: Ef framkvæmdir er ekki unnar í samræmi við útgefin byggingarleyfi, gildandi lög og reglur og/eða ákvæði uppbyggingarsamkomulag er varðar umgengni á framkvæmdartíma hefur byggingarfulltrúi heimild til þess að stöðva framkvæmdir. Vinnueftirlitið sér hins vegar um eftirlit er varðar öryggi á framkvæmdarsvæði.



- 4 Nú liggur fyrir að fara þarf í miklar breytingar á húsnæðinu að Fannborg 8 vegna niðurrifs á efra bílastæðinu milli þeirrar eignar og Fannborgar 7-9. Mun Kópavogsbær taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar varðandi breytingar á því húsnæði? Hver mun bera þann kostnað?
Svar: Samkvæmt uppbyggingarsamkomulagi milli framkvæmdaraðila og Kópavogsbæjar ber framkvæmdaraðili bæði ábyrgð á framkvæmd og kostnaði við breytt aðgengi, enda á hann að tryggja fullnægjandi aðgengi.
- 5 Er komin nákvæm tímasetning á hvernig niðurrifi og sprengingum verður háttað á Fannborgarreit?
Svar: Ekki hefur verið gefið út niðurrifsleyfi fyrir botnplötu/bílastæðaplötu á svæðinu og verður það ekki gert fyrr en búið er að tryggja fullnægjandi aðgengi íbúa í Fannborg 8. Þá hefur ekki verið veitt byggingarleyfi fyrir uppbyggingunni á svæðinu sem jarðvinnan fellur undir. Nákvæmar tímasetningar liggja því ekki fyrir á þessum tímapunkti. Áður en jarðvinna hefst verður haldinn upplýsingarfundur.
- 6 Eftirfarandi mynd af auglýsingu um næstu skref um verkefnið „Miðbær í mótun“ sendi vinur minn mér í síðustu viku. Þessi auglýsing hékk uppi á Te og Kaffi í Hamraborg, en þangað hef ég ekki komið í nokkurn tíma. Þar segir m.a. „Verktaki mun draga úr óþægindum fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu eins og unnt er“. Dagsetning þessara tilkynningar er 25. mars 2026, viku áður en áðurnefndir atburðir gerðust sem vitnað var til. Þessi tilkynning var ekki borin út í hús í nálægum íbúðum. Hvers vegna ekki?
Svar: Tilkynningar og dreifibréf vegna verkefnisins Miðbær í mótun hafa verið framleidd og dreift í samræmi við það verklag sem lagt var upp með fyrir verkefnið. Öllum dreifibréfum varðandi verkefnið hefur verið dreift í nálæg hús sem og á aðra þá staði sem tilgreindir voru í hverju tilfelli. Hvað þetta tiltekna dreifibréf varðar var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á dreifingu í fyrirtæki og á staði þar sem fólk er á ferðinni, svo sem kaffihús og fyrirtæki á svæðinu. Sú áhersla byggði á ábendingum sem bárust frá fyrirtækjaeigendum og íbúum eftir dreifingu fyrra dreifibréfs, þar sem kallað var eftir betri upplýsingagjöf til þeirra sem starfa og dvelja reglulega á svæðinu. Aðili sem annaðist dreifingu dreifði yfir 200 dreifibréfum. Við höfum þó ekki upplýsingar um nákvæmlega í hvaða póstkassa hvert dreifibréf fór. Þekkt er að í sumum tilvikum komast dreifingaraðilar ekki að póstkössum þar sem inngangar eru læstir. Ekki er hægt að fullyrða að bréfi hafi verið dreift í hvern einasta póstkassa eða lúgu í dreifingunni, þó að dreifibréfið hafi verið ætlað nærliggjandi húsum. Auk prentaðrar dreifingar voru upplýsingarnar birtar á heimasíðu verkefnisins, midbaer.kopavogur.is, þar sem allar helstu upplýsingar um framvindu verkefnisins eru aðgengilegar. Íbúar eru áfram hvattir til að skrá sig á póstlista verkefnisins til að fá allar upplýsingar sendar beint til sín sem og að fylgjast með uppfærslum á síðunni midbaer.kopavogur.is og tryggja þannig greiðan aðgang að uppfærslum og tilkynningum um næstu skref.



- 7 Í dreifibréfinu er sagt frá því að „haldinn verði upplýsingafundur fyrir íbúa á svæðinu“. Hvenær verður sá fundur?

Svar: Eins og kemur fram að ofan er ekki búið að gefa út leyfi fyrir jarðvinnu en upplýsingarfundur verður boðaður þegar tímasetningar og leyfi liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

